

Alþingi
Erindi nr. P 139/899
komudagur 10.12.2010

10. desember 2010

Borgartún 37

105 Reykjavík

Umsögn Samtaka íslenskra gagnavera um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt (rafræn þjónusta, bætt skil og eftirlit o.fl.), 208. mál.

Undanfarin ár hefur verið unnið að því að markaðssetja Ísland sem ákjósanlegan stað fyrir uppbyggingu gagnavera. Kostir landsins eru margir, s.s. velmenntað og vinnusamt starfsfólk, öflugar gagnatengingar til Evrópu og Bandaríkjanna, hrein græn orka, milt loftslag og nægt land undir gagnaverin. Það hefur verið opinber stefna núverandi og fyrri ríkisstjórna að laða gagnaver til landsins. Á grunni þeirra stefnu hefur verið lagt út í milljarða fjárfestingar í gagnasamböndum til og frá landinu og hafnar eru framkvæmdir við byggingu gagnavera sem selja eiga erlendum fyrirtækjum þjónustu sína.

Rekstrarumhverfi íslenskra gagnavera er hins vegar ekki samkeppnishæft við umhverfi gagnavera í Evrópu. Íslensk gagnaver og erlendir viðskiptavinir þeirra búa við tvísköttun að því er varðar virðisaukaskatt, annars vegar þegar netþjónar eru fluttir til landsins og hins vegar þegar þjónusta gagnavera er flutt úr landi og seld til erlendra viðskiptavina. Einnig eru gerðar ríkar kröfur um að viðskiptavinir gagnaveranna stofni til fastrar starfsstöðvar á Íslandi með tilheyrandi kostnaði, þá er samkvæmt núverandi lögum veruleg óvissa varðandi það hvenær til fastrar starfsstöðvar telst stofnað. Óvissan er skaðleg og getur leitt af sér tvísköttun. Gagnaver innan Evrópusambandsins (ESB) búa því við mun hagstæðara rekstrarumhverfi og því dugar ekki að taka eingöngu á einum þessara þriggja þátta.

Samtök gagnavera hafa um nokkurt skeið sóst eftir því að lagaumhverfi íslenskra gagnavera verið nútímavætt þannig að þau geti mætt samkeppni gagnavera innan Evrópusambandsins á jafnræðisgrunni. Markmiðið er ekki að skapa iðnaðinum sértækar skattalegar ívilnanir heldur eingöngu að tryggja að samkeppnisstaða íslenskra gagnavera verið jöfn gagnaverum innan ESB með því að fjarlægja þær hindranir sem leiðir af núverandi löggjöf. Samtökin hafa lagt fyrir fjármálaráðuneytið ítarlegar tillögur um þær breytingar sem gera þarf á lögum um virðisaukaskatt og tekjuskatt svo þessu megi ná fram. Í öllum tilfellum hafa tillögurnar verið rökstuddar með fordæmum frá ríkjum innan Evrópusambandsins en tilgangur þeirra er að annars vegar að fjarlægja þær hindranir við viðskiptum sem leiða af lögum um virðisaukaskatt (bæði varðandi innflutning og útflutning) og hins vegar að auka vissu fyrir því hvenær til fastrar starfsstöðvar stofnast. Tillögurnar fylgja með þessari umsögn ásamt frekari skýringum á þeim þáttum sem breyta þarf í rekstrarumhverfi gagnavera.

Þrátt fyrir annamarka á rekstrarumhverfi gagnavera hefur fyrirtækjunum tekist að laða einstaka viðskiptavini til landsins á þeim forsendum að stjórnvöld hafi skuldbundið sig til að gera viðeigandi

breytingar á rekstrarumhverfi íslenskra gagnavera. Þolinmæði viðskiptavinanna og erlendra fjárfesta er hins vegar á þrotum og er ljóst að þeir muni hverfa af landi brott á fyrsta ársfjórðungi á næsta ári ef viðeigandi breytingar eru ekki gerðar á núverandi rekstrarumhverfi gagnaveranna og viðskiptavina þeirra.

Frumvarp fjármálaráðherra um breytingar á lögum um virðisaukaskatt er m.a. ætlað að tryggja að útflutt þjónusta gagnavera sé undanþegin virðisaukaskatti, en ekki er að finna í frumvarpinu tillögur sem afnema hindranir við innflutning á búnaði né skýrar reglur varðandi stofnun fastrar starfsstöðvar á Íslandi í tengslum við staðsetningu á netþjónum hér á landi. Auk þess undanskilur frumvarp fjármálaráðherra þann þjónustubátt gagnavera sem felst í hýsingu fyrir erlenda viðskiptavini. Frumvarp fjármálaráðherra tekst því ekki ætlunarverk sitt og jafnar ekki samkeppnisstöðu íslenskra gagnavera gagnvar t sambærilegum þjónustuveitendum innan Evrópu.

Athugasemdir við 4gr. lið b sem gerir breytingar á 10. tölul. 1. mgr. 12. gr. lið d laga um virðisaukaskatt

12 gr. laganna fjallar um hvaða þjónusta teljist ekki til skattskyldrar veltu og því undanþegin virðisaukaskatti. Hér eru gerðar tvær breytingar á greininni sem hafa áhrif á rekstrarumhverfi gagnavera. Annars vegar er hugtakið rafrænt afhent þjónusta tekið í notkun í stað hugtaksins tölvuþjónusta og hins vegar er tekið fram að rafræn þjónusta teljist afhent þar sem kaupandinn hefur búsetu eða fasta starfsstöð.

Í greinargerð með lögnum er að finna ýtarlega skilgreiningu á því hvaða þjónusta gagnavera sé undanþegin virðisaukaskatti og hvaða þjónusta sé það ekki. Þannig er gert ráð fyrir því að hýsingarþjónusta gagnavera, sé skilgreind sem aðstöðuieiga, og því ekki undanþegin VSK á meðan gagnavinnsla er skilgreind sem útflutt þjónusta og því undanþegin VSK. Gert er ráð fyrir að þrátt fyrir að viðskiptavinum sé seld þjónusta á sviði gagnavinnslu án VSK að þá þurfi samt að greiða virðisaukaskatt af hýsingarþjónustunni. Ójafni stöðu íslenskra gagnavera er því viðhaldið með núverandi frumvarpi og það grundvallar vandamál sem leiðir af álagningu virðisaukaskatts vegna sölu til erlendra rekstraraðila skilið eftir óleyt að hluta.

Erlendir viðskiptavinir íslensks sjávarútvegsfyrirtækis, stoðtækjaframleiðanda eða álvers eru ekki skattlagðir líkt og stefnt er að í tilfelli gagnavera í frumvarpi fjármálaráðherra, enda er um að ræða sölu úr landi og endanlega neyslu erlendis. Þannig eru erlendir viðskiptavinir HP Granda ekki sérstaklega skattlagðir þegar hrá eða fullunnin matvæli eru seld úr landi. Það er meginregla og grundvallarvirkni virðisaukaskattskerfisins að virðisaukaskattur er ekki lagður á útflutning, hvort heldur sem er vöru eða þjónustu, til erlendra rekstraraðila þar sem að neyslan fer fram erlendis og lýtur því skattareglum í viðkomandi landi. Þessari meginreglu er hins vegar kollvarpaði í frumvarpi fjármálaráðherra. Tryggja á sértækar skatttekjur af erlendum viðskiptavinum íslensku gagnaveranna með því að neyða gagnaverin til að leggja virðisaukaskatt á þá þjónustu sem seld er út fyrir landssteinanna. Áhrif þessa verða að gagnaversiðnaðurinn mun ekki skapa ný störf og engar nýjar tekjur né skatttekjur verða til.

Hýsingarþáttur gagnavera gegnir sama hlutverki í þjónustu þeirra og húsnæði og vélbúnaður fiskvinnslustöðva gegni við vinnslu afurð fyrir erlendan markað. Án þeirra verður endanlega afurð ekki til. Í tilfalli finskvinnslustöðvarinnar er hins vegar hægt að flytja afurðina úr landi til erlendra neytenda án VSK en ekki þegar þjónusta gagnavera er seld úr landi.

Samtök gagnavera leggjast því gegn þeirri aðgreiningu á rafrænt afhentri þjónustu sem lagt er upp með í frumvarpi fjármálaráðherra, miða þer við það hvort verið er að þjónusta erlenda aðila en ef svo er þá leiðir álagning virðisaukaskatts til þess að íslensk gagnaver verða ósamkeppnishæf.

Í ljósi þessa er lögð til breyting að því er varðar útflutning þjónustu sem færir íslenska virðisaukaskattslöggjöf til samræmis við núgildandi reglur í nágrannalöndum okkur og er í samræmi við þær reglur sem gilda í ríkjum evrópusambandsins.

Tillaga að reglu er varðar innflutning búnaðar.

Núverandi regluverk leiðir til þess að væntanlegir viðskiptavinir íslenskra gagnavera sem vilja eiga tölvubúnað sem staðsettur er hér á landi sjálfir, án þess að vera hér með starfsemi sína, þurfa við innflutning að greiða óafturkræfan virðisaukaskatt af þeim innflutningi. Sem dæmi leiðir þetta til þess að þýskur aðili í þessari stöðu sem ber saman viðskipti við breskt gagnaver eða íslenskt þarf að greiða 25,5% óafturkræfan virðisaukaskatt ofan á kostnað sinn vegna viðkomandi búnaðar ef hann kys að eiga viðskipti við íslenska gagnaverið.

Augljós afleiðing þessa er að íslenska gagnaverið verður útilokað frá samkeppni á innri markaði EES, því felst í núverandi reglum hindrun við viðskiptum innan innri markaðar EES. Þetta á við á fleiri sviðum og full ástæða til þess að lagfæra virðisaukaskattslöggjöfina almennt að því er þetta varðar. Hins vegar þyrfti að laga fjölmörg ákvæði laga til þess og því er lögð til breyting sem í öllu falli fjarlægir hindrunina að því er varðar þennan hluta innri markaðarins og felst í því að erlendir viðskiptamenn geti flutt inn búnað til notkunar í íslenskum gagnaverum án þess að til virðisaukaskattskostnaðarins komi. Hins vegar eiga allar reglur laganna við að öðru leyti þannig að viðkomandi geta ekki farið út í virðisaukaskattskyldan rekstur á Íslandi án þess að lúta sömu reglum og aðrir sem hér stunda slíkan rekstur.

Þær breytingar sem eru lagðar til felast því í að hindranir við viðskiptum sem leiða af gamalli virðisaukaskattslöggjöf eru fjarlægðar en ekki er verið að leggja til ívilnanir.

Til að vernda og auka lífsgæði Íslendinga þarf að auka getu samfélagsins til að skapa verðmæti. Vegna sérstöðu Íslands og þeirra landkosta sem landið hefur upp á að bjóða getur gagnaversiðnaðurinn leikið mikilvægt hlutverk í endurreisn íslensks samfélags. Ef rekstrarumhverfi íslenskra gagnavera er gert samkeppnishæft mun hér á landi rísa öflugur útflutningsiðnaður sem skapar fleiri hundruð störf og aflar landi og þjóð mikilvægra gjaldeyristekna. Íslenska ríkið og sveitarfélögin munu innheimta tekjuskatt, bæði af starfsemi gagnaveranna sjálfra sem og tekjuskatt af starfsmönnum gagnaveranna, fasteignaskatt, gatnagerðargjöld og orkuskatta eftir því sem við á.

Samtök gagnaversfyrirtækja hvetja Alþingi til að gera breytingar á frumvarp fjármálaráðherra og að flýta þannig fyrir vexti gagnaversiðnaðarins.

Fyrir hönd Samtaka íslenskra gagnavera

Friðrik Þór Snorrason

Inngangur

Samtök gagnavera eru hagsmunasamtök þeirra sem hlut eiga að þeirri nýsköpun í gagnaveraiðnaði sem er í deiglunni á Íslandi. Markmið samtakanna er að laða til Íslands umtalsverða hlutdeild af gagnaveramarkaðnum, en um er að ræða iðnað sem veitir hundruðum milljarða íslenskra króna árlega. Samtökin hafa trú á því að Ísland geti eignast samkeppnisforskot á þessu sviði, ef landinu tekst að skapa jákvætt viðskipta-, laga- og skattaumhverfi fyrir þau erlendu fyrirtæki sem gætu hugsað sér að koma hingað til lands sem viðskiptavinir íslenskra gagnavera. Gagnaver eru umhverfissvænn og sjálfbær iðnaður sem getur getið af sér hundruð, ef ekki þúsundir, starfa fyrir Íslendinga á næstu áratugum.

Almenn atriði

Hvers vegna ætti Ísland að styðja við þróun og uppbyggingu gagnaveraiðnaðarins?

Gagnaver henta Íslandi einstaklega vel. Um er að ræða orkufrekan iðnað sem getur nýtt umtalsverðan hluta íslenskrar orkuframleiðslu án umtalsverðrar koltvísýringslosunar eða annarrar mengunar. Gagnaver eru jafnframt hátæknifyrirtæki sem þarfnast hæfs starfsfólks m.a. á sviði tölvunar-, rafmagns- og vélaverkfræði og munu skapa hundruð, hugsanlega þúsundir, verðmætra starfa - auk starfa sem munu skapast við uppbyggingu gagnaveranna.

Gagnaver eru vaxandi fyrirtæki sem auka fjölbreytni í íslenskum iðnaði til langs tíma, laða að erlenda fjárfestingu, bæta vöruskiptajöfnuð með auknum útflutningstekjum, byggja á samkeppnisforskoti Íslands og skapa síðast en ekki síst umtalsverðar skatttekjur fyrir íslenska ríkið og sveitarfélög.

Hver eru markmið samtakanna varðandi umbætur á virðisaukaskattskerfinu?

Markmið samtakanna er að íslensku virðisaukaskattslögin verði færð til nútímans og samræmis við það sem annars staðar gerist, þannig að þau geri íslenskum gagnaverum kleift að keppa við gagnaver innan Evrópusambandsins (ESB) á jafnréttisgrundvelli. Núgildandi virðisaukaskattslög hafa í för með sér ýmsar hindranir, viðbótarkostnað og skrifræðislega byrði fyrir væntanlega viðskiptavinum, þegar þeir bera íslensk gagnaver saman við gagnaver innan ESB.

Hvaða meginsjónarmið leggja samtökin til grundvallar þegar leitað er eftir umbótum á virðisaukaskattskerfinu?

Markmið samtakanna er ekki að búa til skattalega hvata, fyrirgreiðslu eða ávinning á kostnað íslenska ríkisins. Markmiðið er hins vegar að íslenska virðisaukaskattskerfið spegli virðisaukaskattskerfið innan ESB, þannig að íslensk gagnaver geti mætt samkeppni um erlenda viðskiptavinum á jafnréttisgrundvelli. Ef Ísland væri innan ESB og væri aðili að sameiginlegu virðisaukaskattskerfi sambandsins, væri engin þörf fyrir breytingar. En þar

sem virðisaukaskattskerfi Íslands hefur ekki þróast í samræmi við virðisaukaskattskerfi ESB, skapar það hindranir fyrir viðskiptavinum sem koma til Íslands og dregur um leið verulega úr samkeppnishæfni íslenskra gagnavera.

Íslensk stjórnvöld hafa ítrekað lýst yfir að þau mun tryggja jafnstöðu þessa iðnaðar við keppinauta innan ESB með því að gera viðeigandi breytingar á löggjöf. Þrátt fyrir tveggja ára vinnu samtakanna og aðildarfélaga þeirra hafa breytingar á virðisaukaskattskerfinu hins vegar enn ekki litið dagsins ljós.

Hvaða breytingum eru samtökin að leita eftir?

Það eru aðallega þrjú svið virðisaukaskatts (VSK) og tekjuskatts sem samtökin hafa leitað eftir að verði tekin til endurskoðunar:

- 1) VSK á þjónustu sem veitt er viðskiptavinum utan Íslands
- 2) VSK á búnað viðskiptavina sem fluttur er til Íslands
- 3) Skilyrði þess að erlendir viðskiptavinir íslenskra gagnavera þurfi að setja upp fasta starfsstöð á Íslandi.

Hvers vegna eru umbætur á virðisaukaskattskerfinu nauðsynlegar fyrir gagnaveraiðnaðinn á Íslandi?

Skattamál skipta miklu máli fyrir viðskiptavinum við mat á því hvar skuli staðsetja tölvubúnað og gagnaver. Enda þótt Íslandi bjóði upp á samkeppnishæfa og endurnýjanlega orku, þá eru aðrir staðir í heiminum sem bjóða sambærileg verð, eru betur þekktir og taldir vera í lægri áhættuflokki. Það er nauðsynlegt fyrir viðskiptavinum að þeir geti endurheimt greiddan virðisaukaskatt tímanlega, með sama hætti og unnt er innan ESB, án óvissu um endurgreiðslu, tvísköttun eða stjórnsýslulegar hindranir. Umhverfisvæn orka nægir því ekki ein og sér.

Geta samtökin nefnt dæmi þar sem núgildandi virðisaukaskattskerfi skapar vandamál fyrir íslensk gagnaver og viðskiptavinum þeirra?

Þegar erlendir viðskiptavinur kemur til Íslands og vill flytja netþjóna til landsins til uppsetningar í íslensku gagnveri, hefur hann enga möguleika á að endurheimta VSK sem greiða verður af innflutningnum í tolli. Ef sami viðskiptavinur flytur netþjóna milli landa innan ESB þá er þetta vandamál ekki til staðar.

Samkvæmt núgildandi lögum og reglugerðum þarf sami viðskiptavinur að greiða VSK á þjónustu sem hann kaupir af íslensku gagnveri tvisvar (tvísköttun), fyrst á Íslandi og svo í því landi þar sem hann er heimilisfastur. Þessu er ekki svo farið hvorki í viðskiptum innan ESB, né í viðskiptum fyrirtækja innan sambandsins við fyrirtæki utan þess.

Loks skortir nokkuð á skýrleika íslenskra reglna um fasta starfsstöð ef erlendur viðskiptavinur setur upp netþjón á Íslandi. Sum ríki innan ESB telja að netþjónn, einn og sér, sé ekki nóg til þess að skapa fasta starfsstöð. Fjöldmörg erlend fyrirtæki vilja ekki stofna fasta starfsstöð á Íslandi þegar eina tenging þeirra við landið er netþjónn þeirra á Íslandi. Innan ESB væri engin skylda til stofnunar fastrar starfsstöðvar þótt netþjónar séu staðsettir í tilteknu landi.

Munu breytingar samkvæmt tillögum samtakanna hafa í för með sér skattalega hvata fyrir íslensk gagnaver?

Nei, það er ekki markmið samtakanna að skapa skattalega hvata – heldur er einungis verið að óska eftir því að yfirvöld nútímavæði virðisaukaskattslögin þannig að þau falli að virðisaukaskattskerfi ESB og skapi þannig jafnan samkeppnisgrundvöll.

Fjármálaráðuneytið hefur þegar lagt fram frumvarp til breytinga á lögum um virðisaukaskatt, hvers vegna nægir það ekki?

Frumvarpi fjármálaráðuneytisins er ætlað að taka á aðeins einu af þeim þremur meginsviðum virðisaukaskattskerfisins sem nauðsynlegt er að taka til endurskoðunar. Nálgun ráðuneytisins er hins vegar, og því miður, ófullnægjandi og tekur ekki mið af framkvæmd innan ESB. Samkvæmt henni munu gagnaverin ekki geta flutt þjónustu sína út án virðisaukaskatts eins og almennt gildir um aðra útflutningsgeira. Viðskiptavinir gagnaveranna verða því tvískattaðir, þ.e á Íslandi þegar þjónustan er seld úr landi og aftur í heimalandi viðskiptavinarins.

Hverju fórnar Ísland með því að gera umbeðnar breytingar samkvæmt tillögum samtaka gagnavera?

Ísland fórnar engu með því að gera umbeðnar breytingar. Sem stendur eru lítil sem engin viðskipti við erlenda viðskiptavini á hinum íslenska gagnveramarkaði og því enginn skattstofn enn sem komið er. Þá munu umbeðnar breytingar ekki á neinn hátt skaða íslensk fyrirtæki.

Ef Íslandi tekst að laða til landsins erlenda viðskiptavini, munu íslensk gagnver skapa umtalsverðar skatttekjur hér á landi. Þær verða í formi tekjuskatts lögaðila og tekjuskatts einstaklinga vegna þeirra nýju starfa sem munu skapast, bæði við byggingu og starfsemi gagnaveranna, auk fasteignaskatta, gatnagerðargjalda og orkuskatta eftir því sem við á vegna aukinnar orkunotkunar gagnaveranna. Enn fremur er fyrirsjáanlegt að fyrirtæki í eigu ríkisins, s.s. Landsvirkjun og Farice, munu auka tekjur sínar af sölu af orku og fjarskiptaþjónustu.

Virðisaukaskattur á þjónustu

Hver eru grundvallarrökkin fyrir því að undanþiggja útflutta þjónustu gagnavera VSK?

Virðisaukaskattskerfi ESB kveður á um að útflutt þjónusta skuli skattlögð þar sem hún er nýtt (þ.e. þar sem viðskiptavinur er staðsettur). Af þessum sökum ætti Ísland ekki að leggja VSK á þjónustu gagnavera sem seld er til erlendra viðskiptavina, enda er þá um tvísköttun að ræða.

Ennfremur geta fyrirtæki innan ESB fengið VSK-númer í öðru ESB ríki án þess að vera þar með fasta starfsstöð. Þetta gerir þeim kleift að endurheimta tímanlega VSK af þjónustu sem nýtt er á staðnum.

Þá má minna á að almennt er ekki lagður VSK á útflutta vöru, til dæmis ál, tölvuvogir eða gervifætur. (Sbr. 12. gr. virðisaukaskattslaga nr. 50/1988)

Hver eru vandamál núverandi kerfis?

Núverandi kerfi gerir kröfu um að íslensk gagnaver leggi VSK á útflutta þjónustu. Þetta leiðir til tvísköttunar og hefur í för með sér neikvæð áhrif á sjóðstreymi og aukna skriffinnsku. Íslenska kerfið heimilar erlendum fyrirtækjum heldur ekki auðveldlega að fá VSK skráningu hér, sem veldur sambærilegum vandamálum þegar kemur að kaupum þeirra á innlendri þjónustu.

Myndu tillagðar breytingar skapa óhagræði fyrir íslensk fyrirtæki?

Nei, þjónusta gagnavera er almennt seld fyrirtækjum sem í flestum tilvikum eru VSK-skyldir aðilar sem geta endurheimt VSK (talið hann fram sem innskatt). Þar með nytu erlendir viðskiptavinir ekki hagræðis umfram innlenda.

VSK á innfluttan búnað fyrir gagnaver

Hvaða óhagræði leiðir af núverandi kerfi hvað varðar innflutning búnaðar?

Ef erlendur viðskiptavinur flytur netþjón eða annan búnað fyrir gagnaver inn til Íslands, eins og margir þeirra vilja og þurfa, þá verða þeir að greiða 25,5% VSK af þeim búnaði í tolli samkvæmt núgildandi reglum. Þess þyrfti ekki ef þeir flyttu netþjóninn innan ESB. Þetta leiðir til aukinnar skattbyrði sem nemur hundruðum milljóna eða jafnvel milljarða króna, og útilokar Ísland sem hentugan gagnaveramarkað.

VSK-skyldir erlendir viðskiptavinir þurfa að geta flutt inn búnað sinn til Íslands annað hvort án VSK greiðslu eða með öruggri og skjótvirkri endurheimtu skattsins.

Hefðu tillagðar breytingar í för með sér óhagræði fyrir innlend fyrirtæki?

Nei.

Föst starfsstöð

Hvers vegna ættu erlendir viðskiptavinir íslenskra gagnavera ekki allir að vera með fasta starfsstöð á Íslandi?

Mörg ríki innan OECD telja að staðsetning netþjóns ein og sér kalli ekki á fasta starfsstöð. Margir minni viðskiptavinir, og viðskiptavinir þar sem netþjónninn er ekki hluti af meginrekstri þeirra, vilja ekki þurfa að setja upp fasta starfsstöð á Íslandi. Þeir þurfa þess ekki innan ESB, og munu ekki taka á sig aukna skriffinnskubyrði ef Ísland ætlar sér að þvinga þá til að setja upp fasta starfsstöð.

Sem dæmi um þetta má nefna að Farice, sem er íslenskt félag, er með búnað sem skapar tekjur fyrir félagið í gagnaveri í Bretlandi, en telst hins vegar ekki vera með fasta starfsstöð þar.

Hvers vegna ættum við að veita erlendum félögum umbóttunartíma áður en þau þurfa að setja upp fasta starfsstöð á Íslandi, í þeim tilvikum þegar þess er þörf?

Innan ESB er viðskiptavinum sem þurfa að vera með fasta starfsstöð jafnan veittur ákveðinn umbóttunartími til þess. Þetta er sérstaklega mikilvægt fyrir Ísland þar sem margir viðskiptavinir vilja prófa þjónustuna áður en þeir velja endanlega að taka áhættuna af því að koma til landsins. Ísland er ókunnugur staður fyrir flesta viðskiptavini, og þeir vilja fá reynslu af þjónustunni og ganga úr skugga um að hún virki áður en þeir binda mikilvæga þætti í rekstri sínum við landið. Umbóttunartíminn gerir viðskiptavinum því kleift að prófa þjónustuna áður en þeir kaupa hana og gerir íslenskum gagnaverum auðveldara fyrir að ná til nýrra viðskiptavina.

Hvaða skatttekjur mun hið opinbera hafa af starfsemi ef erlendir viðskiptavinir gagnavera þurfa ekki að vera með fasta starfsstöð hér á landi?

Íslenska ríkið og sveitarfélagin munu innheimta tekjuskatt, bæði af starfsemi gagnveranna sjálfra og einstaklingstekjuskatt af starfsmönnum gagnaveranna, fasteignaskatt, gatnagerðargjöld og orkuskatta eftir því sem við á, jafnvel þótt viðskiptavinir gagnaveranna séu ekki með fasta starfsstöð hér á landi. Eftir því sem gagnaverunum gengur betur að laða til landsins erlenda viðskiptavini, því meiri skatttekjur hefur ríkið af starfsemi.

Loks er rétt að taka fram að uppi hafa verið sjónarmið um að hinar tillögðu breytingar á virðisaukaskattskerfinu myndi á einhvern hátt búa til skattaskjól fyrir erlend fyrirtæki. Slík sjónarmið eiga sér hins vegar enga stoð af margvíslegum ástæðum. Má þar helst nefna að íslenska ríkið hefur engar tekjur í dag af starfsemi gagnavera. Ennfremur má ljóst vera að ef

umsvif viðskiptavinar hér á landi eru orðin umtalsverð og starfsemi hans hér á landi tengist kjarnastarfsemi félagsins þá teldist viðskiptavinur hafa hér fasta starfsstöð og greiða skatt hér á landi. Er þetta í samræmi við leiðbeiningar OECD og þær reglur sem gilda um fastar starfsstöðvar innan ESB.

Tillögur til breytinga á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

Breytingar á 12. gr.:

Annar málslíður 1. tölul. 1. mgr. falli brott.

Við 1. tölul. 1. mgr. bætist tvær málsgreinar, svohljóðandi:

Þjónusta telst veitt erlendis þegar hún er seld atvinnufyrirtæki sem hvorki er heimilisfast hér á landi né stundar hér virka atvinnustarfsemi frá fastri starfsstöð. Þjónusta sem varðar fasteign hér á landi telst þó veitt hér. Hér á landi telst veitt þjónusta sem varðar menningar-, lista-, íþróttá- eða kennslustarfsemi sem hér fer fram. Jafnframt telst veitt hér á landi veitingastarfsemi sem hér fer fram. Enn fremur telst veitt hér á landi þjónusta sem felst í skammtímaleigu flutningatækja.

Sala til neytanda telst veitt hér á landi. Þó telst rafræn þjónusta veitt erlendis ef kaupandi er hvorki heimilisfastur hér á landi né stundar hér virka atvinnustarfsemi frá fastri starfsstöð. Jafnframt telst veitt erlendis þjónusta sem felst í rétti til hagnýtingar höfundarréttar, einkaleyfis, vörumerkis, hönnunar eða annarra sambærilegra réttinda.

Tíundi tölulíður 1. mgr. falli brott.

Breytingar á 35. gr.:

Fyrsta málsgrein orðist svo:

Hver sá sem stundar starfsemi sem undanþegin er virðisaukaskatti skv. 3. mgr. 2. gr. skal greiða virðisaukaskatt af þjónustu sem fellur undir skattskyldusvið virðisaukaskatts sbr. 2. gr. og keypt er til starfseminnar frá atvinnufyrirtæki heimilisföstu erlendis.

Önnur málsgrein orðist svo:

Hver sá sem stundar skráningaskylda starfsemi skv. 5. gr. skal greiða virðisaukaskatt af þjónustu, sem fellur undir skattskyldusvið virðisaukaskatts sbr. 2. gr. og keypt er til starfseminnar frá atvinnufyrirtæki heimilisföstu erlendis, að því leyti sem virðisaukaskatt af þjónustunni er ekki heimilt að telja til innskatts skv. ákvæðum 16. gr.

Við bætist ný málsgrein er verður þriðja málsgrein, svohljóðandi:

Greiðsluskylda skv. 1. og 2. mgr. á ekki við ef erlenda atvinnufyrirtækið er skráð á grunnskrá virðisaukaskatts vegna starfsemi sinnar hér á landi eða umboðsmaður eða annar aðili sem er í fyrirsvari fyrir erlenda félagið er skráður á grunnskrána vegna starfsemi erlenda félagsins, sbr. 5. gr.

Fyrsti málslíður þriðju málsgrein sem verður fjórða málsgrein orðist svo:

Kaupandi, sem skyldur er til að greiða virðisaukaskatt skv. 1. eða 2. mgr., skal ótilkvaddur gera ríkisskattstjóra grein fyrir kaupum á þjónustu í sérstakri skýrslu í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

Ný 8. mgr. 42. gr. verður svohljóðandi:

„Endurgreiða skal erlendum lögaðilum sem eru heimilisfastir í öðru aðildarríki á Evrópska efnahagssvæðinu, aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum virðisaukaskatt af innfluttum tölvubúnaði, fjarskiptabúnaði og öðrum sambærilegum búnaði eða fylgihlutum til notkunar í gagnaverum, hvort heldur sem er vélbúnaður eða hugbúnaður sem fluttur er hingað til lands, enda sé hann í eigu erlendra lögaðila. Endurgreiðsla skal fara fram á sama tíma og aðflutningsgjöld koma til greiðslu.“

Athugasemdir.

Með tillögum að breytingum á 12. gr. er lagt til að reglur um það hvar þjónusta telst veitt verði samræmdar reglum ríkja Evrópusambandsins. Núgildandi reglur þar að lútandi voru settar með lögum nr. 115/1997. Með þeirri lagasetningu var stefnt að samræmingu við reglur sem þá giltu í öðrum ríkjum Evrópu, eins og glöggð kemur fram í frumvarpi til þeirra laga. Við upphaf yfirstandandi árs gengu í gildi breyttar reglur í ríkjum Evrópusambandsins. Er nú svo komið að íslensk fyrirtæki standa að því er virðisaukaskatt varðar höllum fæti í samkeppni við fyrirtæki annarra Evrópuríkja í viðskiptum milli landa. Það er einn af hornsteinum virðisaukaskattskerfisins að skatturinn raski hvorki samkeppnisstöðu fyrirtækja á innanlandsmarkaði né veiki samkeppnisstöðu íslenskra útflutningsfyrirtækja gagnvart erlendum fyrirtækjum. Nauðsyn er því þeirra breytinga sem hér eru lagðar eru til.

Lagt er til að greint verði á milli þess hvort þjónusta er seld atvinnufyrirtæki eða neytanda. Hvað atvinnufyrirtæki varðar skiptir ekki máli hvers konar atvinnustarfsemi það stundar, þ.m.t. skiptir ekki máli hvort starfsemin væri eða væri ekki virðisaukaskattsskyld færi hún fram á Íslandi. Meginreglurnar eru að þjónusta seld atvinnufyrirtæki telst veitt þar sem kaupandi hefur staðfestu, en þjónusta seld neytanda telst veitt þar sem seljandi hefur staðfestu. Staðfestu hefur fyrirtæki þar sem það er heimilisfast eða hefur fasta atvinnustöð, þ.e. stundar virka atvinnustarfsemi í fastri starfsstöð. Samhliða breytingum þessum á lögum um virðisaukaskatt er í skjali þessu lagt til að skilgreining á fastri atvinnustöð verði tekin upp í lög um tekjuskatt.

Frá meginreglunum eru fáeinar undantekningar sem tæmandi eru taldar í ákvæðunum. Ein þeirra er að þjónusta er varðar fasteign hér á landi telst veitt hér á landi. Fyrst og fremst fellur hér undir þjónusta sem veitt er fasteignareiganda, eða þeim sem hefur umráð fasteignar sem jafna má við umráð eiganda, og varðar beinlínis eignina. Einnig fellur hér undir útleiga afmarkaðs landrýmis, afmarkaðs húsrýmis eða annars mannvirkis, t.d. útleiga hótélherbergis eða vörugeymslu. Undir þjónustu er varðar fasteign fellur hvorki umsjón, rekstur eða viðhald lausafjármuna sem ekki teljast venjulegt fylgifé fasteigna, né afnota- eða umráðaréttur slíks lausafjár. Undir þjónustu sem varðar fasteign fellur því hvorki rekstur, umsjón eða aðstaða fyrir netþjóna, né afnot netþjóna.

Í þeim reglum sem hér eru lagðar til er notað hugtakið rafræna þjónusta. Inntak hugtaksins, ræðst hverju sinni af skilgreiningu þess í löggjöf um rafræna þjónustu. Nú eru um það efni í gildi lög nr. 30/2002, um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu. Þar er rafræn þjónusta skilgreind sem þjónusta sem almennt er veitt gegn greiðslu, úr fjarlægð, með rafrænum hætti að beiðni þjónustuþega. Setning laganna nr. 30/2002 fól í sér innleiðingu í íslenskan rétt á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um rafræn viðskipti.

Ástæða er til að rifja upp nokkra þætti athugasemda í frumvarpi því er varð að lögum nr. 30/2002. Þar kemur fram að kjarni tilskipunar um rafræn viðskipti felst í 3. gr. hennar um reglu upprunals. Hún felur bæði í sér ákvæði um eftirlit upprunals og reglu um gagnkvæma viðurkenningu. Ákvæði um eftirlit upprunals felur í sér að stjórnvöld þess lands þar sem veitandi rafrænnar þjónustu hefur staðfestu skulu hafa eftirlit með að hin rafræna þjónusta sé í samræmi við lög. Sú regla gildir óháð því hvort þjónustunni er beint til annarra landa að hluta til eða að öllu leyti.

Grunnregla um gagnkvæma viðurkenningu felur það í sér að stjórnvöld í einu ríki á Evrópska efnahagssvæðinu geti ekki hindrað að rafræn þjónusta sé veitt þar, enda sé veitandi þjónustunnar með staðfestu í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu. Í tilskipuninni er tilgreint að staðfesta þjónustuveitanda teljist sá staður þar sem þjónustan er starfrækt í raun í gegnum fasta atvinnustöð, óháð því hvar vefsíða er hýst eða netþjónn staðsettur. Slíkri tilgreiningu er ætlað að eyða óvissu og tryggja að þjónustuveitendum verði ekki unnt að komast hjá eftirliti í því aðildarríki þar sem starfræksla þeirra fer í raun fram.

Hugtakið rafræn þjónusta felur í sér fjóra efnisþætti. Þeim er þannig lýst í frumvarpi því er varð að lögum nr. 30/2002.

Í fyrsta lagi felur rafræn þjónusta í sér skilyrði um að þjónustan sé almennt veitt gegn greiðslu. Því fellur beinlínutengd sala vöru undir hugtakið. Hins vegar getur þjónusta sem ekki er veitt gegn endurgjaldi frá þjónustuþega fallið undir hugtakið ef hún felur í sér atvinnustarfsemi. Þjónusta sem felur í sér upplýsingagjöf sem fjármögnuð er með auglýsingum getur þannig fallið undir hugtakið. Einnig getur þjónusta sem felst í leit að gögnum eða aðgengi að þeim talist til rafrænnar þjónustu, jafnvel þótt sá sem biður um leitina eða aðgengið greiði ekki fyrir þjónustuna. Samkvæmt þessu telst eftirtalið til rafrænnar þjónustu, enda felur hún í sér atvinnustarfsemi: upplýsingaþjónusta á netinu, aðgangsaþjónusta á netinu, flutningur gagna um netið, hýsing gagna, SMS-skilaboð, WAP-þjónusta og leitarþjónusta á netinu. Þá falla sala og auglýsingar á netinu undir hugtakið. Hins vegar mundu heimasíður einstaklinga sem birta einungis persónulegar myndir og upplýsingar ekki falla undir hugtakið.

Í öðru lagi felur rafræn þjónusta í sér skilyrði að þjónustan sé veitt úr fjarlægð með rafrænum búnaði. Í því felst að þjónustuveitandi og þjónustuþegi mega ekki vera augliti til auglitis þegar þjónustan er veitt. Þjónusta sem veitt er á netinu og fellur undir rafræna þjónustu samkvæmt frumvarpinu er m.a. pöntun og kaup á farmiðum og þjónusta sem felst í læknisfræðilegri ráðgjöf á netinu. Þá telst þjónusta sem veitir möguleika á vistun forrita eða þátttöku í tölvuleikjum rafræn þjónusta samkvæmt frumvarpinu. Hins vegar fellur þjónusta sem felst í viðveru viðskiptamanns á ferðaskrifstofu, læknisrannsókn með rafrænum búnaði, aðgengi að tölvuspilum í spilasölum eða afhending tölvuforrita á disklingum eða geisladiskum ekki undir hugtakið rafræn þjónusta.

Í þriðja lagi skal þjónustan vera veitt með rafrænum búnaði sem gerir það að verkum að vinnsla (þar með talin stafræn samþjöppun) og geymsla gagna geti farið fram við sendingu og móttöku þeirra. Þjónusta á netinu fellur því innan hugtaksins, auk WAP-sendinga, en ekki síma-, símbréfs- eða telexþjónusta. Lokuð gagnanet, svo sem heimabankar og hraðbankar, geta talist til rafrænnar þjónustu, t.d. þegar um er að ræða rafræna millifærslu fjármuna á milli tveggja bankareikninga. Hins vegar telst úttekt peninga úr hraðbanka sem slík ekki til rafrænnar þjónustu.

Í fjórða lagi þarf þjónusta að vera veitt að beiðni þess einstaklings sem þiggur þjónustuna. Þannig er um rafræna þjónustu að ræða þegar þjónustuþegi fer inn á heimasíðu og fer fram á þjónustu með því að styðja á hnapp (e. *icon*). Hins vegar teljast venjulegar sjónvarps- eða útvarpssendingar til almennings ekki til rafrænnar þjónustu þar sem þær eru sendar út án tillits til hvort þjónustuþegi hafi óskað eftir því.

Með tillögum að breytingum á 35. gr. er lagt til að samræma reglur um greiðsluskyldu vegna kaupa á þjónustu frá erlendu fyrirtæki þeim breytingum sem lagðar eru til á 12. gr. varðandi það hvar þjónusta telst veitt. Með breytingunum er leitast við að tryggja að virðisaukaskattur hafi ekki áhrif á val um það hvort þjónusta er keypt af íslenskum eða erlendum fyrirtækjum.

Tillögur þessar hafa ekki að geyma gildistökuákvæði, en almennt verður að telja æskilegt að breytingar á ákvæðum virðisaukaskattslaga taki gildi við upphaf nýs árs eða að öðrum kosti við upphaf nýs reglulegs uppgjörstímabils.

Tillaga til breytingar á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt.

Breyting á 3. gr.:

Fjórði töluliður orðist svo:

Allir aðilar sem reka hér á landi fasta atvinnustöð, taka þátt í rekstri fastrar atvinnustöðvar eða njóta hluta af ágóða slíkrar atvinnustöðvar skulu greiða tekjuskatt af þeim tekjum.

Föst atvinnustöð merkir fasta starfsstöð þar sem atvinnustarfsemi fyrirtækis fer að nokkru eða öllu leyti fram. Föst starfsstöð tekur einkum til:

- a) aðseturs stjórnar fyrirtækis,
- b) útibús,
- c) skrifstofu,
- d) verksmiðju,
- e) verkstæðis og
- f) námu, olíu- eða gaslindar, grjótnámu eða annars staðar þar sem náttúruauðlindir eru nýttar.

Byggingar-, mannvirkja-, samsetningar- eða uppsetningarframkvæmd eða starfsemi, sem felur í sér skipulagningu, eftirlit, ráðgjöf eða aðra aðstoð eða framlag starfsliðs í sambandi við slíka framkvæmd, telst því aðeins föst atvinnustöð að framkvæmdin eða starfsemin vari lengur en tólf mánuði hér á landi. Við ákvörðun tímabils telst starfsemi, sem rekin er af fyrirtæki sem er hagsmunatengt öðru fyrirtæki, vera rekin af því fyrirtæki sem það hefur hagsmunatengsl við, ef starfsemin er að verulegu leyti sams konar og sú starfsemi sem síðarnefnda fyrirtækið rekur og starfsemi beggja fyrirtækjanna tengist sömu framkvæmdinni.

Föst atvinnustöð tekur ekki til;

- a) nýtingar aðstöðu sem einskorðuð er við geymslu, sýningu eða afhendingu á vörum í eigu fyrirtækisins;
- b) birgðahalds á vörum í eigu fyrirtækisins sem eingöngu eru ætlaðar til geymslu, sýningar eða afhendingar;
- c) birgðahalds á vörum í eigu fyrirtækisins sem eingöngu eru ætlaðar til vinnslu hjá öðru fyrirtæki;

- d) fastrar starfsstöðvar sem eingöngu er notuð við kaup á vörum eða öflun upplýsinga fyrir fyrirtæki;
- e) fastrar starfsstöðvar sem eingöngu er notuð til að annast aðra undirbúnings- eða aðstoðarstarfsemi fyrir fyrirtækið;
- f) fastrar starfsstöðvar sem eingöngu er nýtt til starfsemi sem samsett er úr einhverri starfsemi samkvæmt a- til e-lið enda felist öll sú starfsemi hinnar föstu starfsstöðvar vegna þessarar samsetningar í undirbúnings- eða aðstoðarstörfum.

Fyrirtæki telst ekki hafa fasta atvinnustöð hér á landi þótt það reki hér viðskipti fyrir milligöngu miðlara, umboðsmanns eða annars óháðs umboðsaðila, ef þessir milligönguaðilar koma fram innan marka venjulegs atvinnurekstrar þeirra. Ef milligönguaðili, sem ekki er óháður, hefur á hendi starfsemi fyrir fyrirtæki og hefur heimild til að gera samninga fyrir þess hönd hér á landi og beitir henni reglulega telst fyrirtækið hafa hér fasta atvinnustöð að því er varðar hvers konar starfsemi sem milligönguaðilinn gegnir fyrir það. Þetta á þó ekki við ef starfsemi milligönguaðilans er takmörkuð við þá starfsemi sem um ræðir í 4. mgr. þessa töluliðar og myndi ekki, ef innt væri af hendi á fastri starfsstöð fyrirtækisins leiða til myndunar fastrar atvinnustöðvar þess.

Þótt félagi heimilisföstu utan Íslands sé stjórnað af félagi heimilisföstu á Íslandi eða frá fastri atvinnustöð erlends fyrirtækis hér á landi leiðir það eitt sér ekki til myndunar fastrar atvinnustöðvar fyrrnefnda erlenda fyrirtækisins hér á landi.

Umráð fyrirtækis heimilisfasts utan Íslands á netþjónum og tengdum tölvubúnaði staðsettum hér á landi leiða ein sér ekki til myndunar fastrar starfsstöðvar erlenda fyrirtækisins. Samsetning og uppsetning netþjóna og tengds tölvubúnaðar til eigin umráða myndar ekki fasta atvinnustöð erlends fyrirtækis.

Athugasemdir

Lagt er til að í lögum verði tekin upp skilgreining á hugtakinu föst atvinnustöð til samræmis við skilgreiningu þess hugtaks í fyrirmynd OECD að tvísköttunarsamningum og í tvísköttunarsamningum sem íslenska ríkið hefur gert við önnur ríki á grundvelli þeirrar samningsfyrirmyndar. Íslensk lög hafa ekki að geyma skilgreiningu á hugtakinu, en í 4. tölul. 3. gr. tekjuskattslaga er notað hugtakið föst starfsstöð. Það hugtak hefur í skattframkvæmd verið skýrt til samræmis við hugtakið fasta atvinnustöð í OECD fyrirmyndinni.

Umdeild er sú hugmyndafræði OECD-fyrirmyndarinnar að netþjónn undir fullum umráðum fyrirtækis geti myndað fasta atvinnustöð fyrirtækisins í því ríki þar sem netþjónninn er staðsettur, þótt starfsemi þess fari að öðru leyti ekki fram í því ríki. Bretland hefur sett fram formlegan fyrirvara við þá hugmyndafræði og fylgir henni ekki. Bresk stjórnvöld líta svo á að netþjónn einn sér eða ásamt vefsíðum geti ekki myndað starfsstöð og þar af leiðandi ekki fasta atvinnustöð. Frönsk stjórnvöld líta svo á að netþjónar myndi ekki fasta atvinnustöð í staðsetningarríki ef starfrækslu netþjónanna fylgi ekki mannlegt vinnuafli. Afstaða stjórnvalda Bandaríkjanna Norður Ameríku er að í tilviki fyrirtækis sem selur upplýsingar en ekki vörur megi líkja netþjónum við vörugæmslu sem ekki myndar fasta atvinnustöð. Hér er lagt til að Ísland skipi sér á bekk með Bretum í afstöðu sinni, með því að kveða á um að það eitt að netþjónar í umráðum erlendra fyrirtækja eru staðsettir á Íslandi, myndi ekki fasta starfsstöð þeirra hér á landi. Skiptir í því sambandi ekki máli hvort umráðin byggjast á eignarhaldi, leigu eða öðrum forsendum. Er þetta í samræmi við reglur laga nr. 30/2002, um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu, er lúta að upprunalandi rafrænnar þjónustu. Upprunaland rafrænnar

þjónustu telst vera það land þar sem þjónustuveitandi hefur staðfestu. Staðfesta þjónustuveitanda telst sá staður þar sem þjónustan er starfrækt í raun í gegnum fasta atvinnustöð, óháð því hvar vefsíða er hýst eða netþjónn staðsettur.

Með tilliti til öryggis og skilvirkni getur það varðað umráðaaðila netþjóna og tengds vél- og hugbúnaðar miklu með hvaða hætti búnaðurinn er samsettur og uppsettur. Það er því eðlilegt að umráðaaðilinn komi sjálfur ásamt rekstraraðila netþjónabús að samsetningu og uppsetningu netþjónanna og tengds búnaðar. Lagt er til að sú aðkoma umráðaaðilans valdi ekki myndun fastrar starfsstöðvar. Netþjónar og tengdur búnaðar endist að jafnaði aðeins í fá ár. Því þarf með reglubundnum hætti að skipta um netþjóna og tengdan búnað. Samsetning og uppsetning hverju sinni stendur aðeins yfir um skamman tíma. Aðkoma umráðaaðila að samsetningu og uppsetningu hverju sinni hefur því ekki þann varaleika að föst atvinnustöð myndist í skilningi þeirra ákvæða sem hér eru lögð til.